

Bókfærð mál.

Fyrir fund háskólaráðs 5.11.2020

Dagskrárliður 7. g. Breytt heiti vísindasiðanefndar háskólanna.

Fram hafa komið athugasemdir um heiti vísindasiðanefndar háskólanna (áður vísindasiðanefndar Háskóla Íslands) sem lúta að því að nefndinni sé á stundum ruglað saman við vísindasiðanefnd sem starfar í samræmi við lög nr. 44/2014 um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, sbr. 9. gr. laganna. Hlutverk nefndanna eru ólík að því leyti að vísindasiðanefnd háskólanna fjallar um siðferðileg álitamál, en vísindasiðanefnd sem starfar skv. lögum nr. 44/2014 úrskurðar um lögmæti vísindarannsókna. Báðar eru í gælu kallaðar vísindasiðanefnd. Bagalegt getur reynst ef nefndunum er ruglað saman og eru einhver dæmi um slíkt í opinberri umfjöllun.

Til að forðast slíkt er lagt til að breyta heiti vísindasiðanefndar háskólanna sem starfar á grundvelli vísindasiðareglna háskólans. Það merkir að heitinu verði breytt í verklagsreglum vísindasiðanefndar sem er að finna í 5. kafla í vísindasiðareglunum og orðfæri annarra kafla vísindasiðareglanna verði þá breytt til samræmis þar sem við á.

Staðan er sú þegar þetta er ritað að vísindasiðanefnd háskólanna mun fjalla um málið á fundi nefndarinnar 3. nóvember og setja fram tillögu að breyttu heiti sem sent verður til háskólaráðs í kjölfar fundar nefndarinnar.

Innskot: Nefndin hefur nú (3. nóv.) fjallað um málið og leggur til að nefndin verði kölluð Siðanefnd háskólanna um vísindarannsóknir.

Til upprifjunar þá voru vísindasiðareglur HÍ settar árið 2013. Uppfærðar (m.t.t. nýrra persónuverndarlaga) vísindasiðareglur Háskóla Íslands voru samþykktar í háskólaráði 7. nóvember 2019. Vísindasiðareglurnar skiptast í 5 kafla og er síðasti kaflinn verklagsreglur nefndarinnar, sem fyrr greinir, þar sem fram kemur hvernig nefndin er skipuð og hvert er hlutverk hennar. Skipan nefndarinnar var svo breytt 4. júní sl. þannig að aðrir háskólar tilnefna tvo fulltrúa í hana sem þeir koma sér saman um. Við það var nefndin ekki stækkuð, heldur eiga fræðasvið HÍ fjóra fulltrúa í nefndinni í stað fimm áður og formaður skipaður úr hópi fulltrúa fræðasviða HÍ, en ekki án tilnefningar eins áður var.